



Loftslagsstefna Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2023-2026

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum starfar eftir stefnumörkun þar sem framtíðarsýn fyrir þjóðgarðinn er birt. Í henni er kveðið á um að allir þættir sem snúa að starfseminni skuli taka mið af sem sjálfbærustum og umhverfisvænustum rekstri.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum vill vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum og stefnir að því að draga úr losun CO₂ frá starfsemi sinni um 30% frá árinu 2023 til ársins 2026. Þjóðgarðurinn stefnir einnig á að binda meira kolefni en hann losar og verða kolefnishlutlaus árið 2030, þ.e. að 95% samdráttur í losun hafi átt sér stað frá viðmiðunarárinu 2019. Fyrsta tímabil loftslagsstefnu Þingvallapjóðgarðs nær yfir árin 2023-2026. Fyrir liggur tímasett aðgerðaáætlun um mælanleg markmið og skilgreindar aðgerðir á þessu tímabili.

Stefnan nær til allrar starfsemi Þjóðgarðsins á Þingvöllum, þ.e.a.s. reksturs, mannvirkja og framkvæmda, hvort sem um er að ræða orkunotkun, úrgangsmýndun, innkaup, samgöngur, fræðslu eða landnýtingu. Tekið verður mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu við framkvæmd stefnunnar og einnig stefnumörkun þjóðgarðsins þegar kemur að landnotkun.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2022. Á gildistíma loftslagsstefnunnar er unnið að uppgræðslu lands á skilgreindum svæðum innan þjóðgarðsins í samvinnu við Landgræðsluna.

Stefnunni er fylgt eftir með innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri, sem hófst hjá Þjóðgarðinum árið 2021 og stefnt er á að ljúka árið 2023, í samræmi við fyrrnefnda aðgerðaáætlun 2023-2026. Einnig skilar Þjóðgarðurinn á Þingvöllum grænu bókhaldi ár hvert. Loftslagsstefna Þjóðgarðsins á Þingvöllum er uppfærð í lok gildandi hvers tímabils og yfir- og undirmarkmið uppfærð með tilliti til niðurstaðna græns bókhalds og þróunar heildarlosunar stofnunar á milli ára.

Loftslagsstefnan er samþykkt af framkvæmdarstjóra Þingvallapjóðgarðs 11. apríl 2023 og verður árangur aðgerða birtur opinberlega á vef þjóðgarðsins.